

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið
2007 - 2008

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2007-2008.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2007-2008 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Bjarni Halldórsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Hannes Kristinn Sigurðsson.

Varamenn í stjórn: Davíð Smári Hlynsson og Magnús Ingi Eggertsson.

Þetta starfsár hefur verið viðburðarríkt og mikil starfssemi hjá félaginu.

Eins og ákveðið var á síðasta aðalfundi var farið að stað með unglíngadeild á vegum félagsins, er samdóma álit manna að vel hefur tekist til og verður framhald af þessu á næsta starfsári.

Hópur félagsmanna tók þátt í hálendisverkefninu SL síðastliðið sumar. Í hálendisverkefninu taka sveitir að sér ákveðin svæði á hálendinu í eina viku. BV var að Fjallabaki og fékk margskonar verkefni. Er það samdóma álit manna að vel hafi tekist til og að félagsmenn hafi öðlast dýrmæta reynslu. Áætlað að taka aftur þátt á komandi sumri.

Í janúar síðastliðnum var tekin ákvörðun um að opna heimasíðu (1918.is) og hefur vinnan við hana gengið prýðilega. Safnað hefur verið töluverðu efni í myndum og máli. Hvetur stjórnin alla félagsmenn sem eiga myndir og annað efni til að koma því til félagsins og gera þannig síðuna enn betri.

Samkvæmt samþykkt síðasta aðalfundar var ákveðið að hafa bíl staðsettan á Bakka og höfum við skipst á að hafa Lunda 2 og Lunda 3 staðsetta þar. Ekki er enn hægt að meta þörfina á því að hafa bíl á Bakka vegna þess að síðastliðið ár var óvenjumikil þörf á bílum félagsins hér í Eyjum, og þá aðallega vegna unglíngadeildarinnar. Teljum við samt sem áður að hagræðingin á því að hafa bíl staðsettan á Bakka sé mikil.

Ekki var mikil starfssemi hjá svæðisstjórn (aðgerðarstjórn) en þeim mun meiri hjá almannavarnanefnd en þar á BV tvo fulltrúa. Meðal mála hjá almannavarnanefnd var hugsanlegur heimsfaraldur inflúensu, hættumat fyrir Vestmannaeyjar og undirbúningur fyrir væntanlega flugslysaæfingu.

Viðbragðsaðilar á landinu hafa sett upp sameiginlegan gagnagrunn. Í þennan gagnagrunn setja aðilar upplýsingar um allar sínar bjargir, s.s. bíla, báta, fjarskiptabúnað sem og annan minni búnað. Auðveldar þetta neyðarlínunni að sjá hvaða bjargir eru til í viðkomandi byggðalagi. Vinna stjórnar við að sína skráningu er í fullum gangi og verður vonandi tilbúin fljótlega.

Þar sem núverandi leitarkort og loftmyndir eru komin til ára sinna hefur farið fram vinna á endurnýjun kortanna og myndanna til nota í aðgerðum.

Nokkur vinna hjá stjórninni hefur farið í undirbúning afmælishátíðar sem fram fer 24. maí næstkomandi.

Að lokum vill stjórnin minna á kaffið á miðvikudögum. Þar hittast félagar og leysa málefni líðandi stundar. Hvetur stjórnin féлага til að mæta og láta ljós sitt skína.

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Gjafir og Áheit.

Eitthvað var um gjafir frá félögum og einstaklingum á árinu.

Í desember voru tónleikarnir Tollur hafsins haldnir í Höllinni til styrktar Björgunarfélaginu og tókust þeir afar vel en um 400 manns sóttu tónleikana og rann allur ágóði af tónleikunum til félagsins.

Eins og undanfarin ár hefur Frumherji leigt af okkur aðstöðu til skoðunar á bílum og ekki eru áformaðar neinar breytingar á því.

Fjáraflanir.

Sala á Neyðarkalli S.L. var haldin í annað sinn í október. Nýliðar og nokkrir fullgildir sáu um söluna sem fram fór við nokkrar verslanir bæjarins.

Fjallavinna

Eins og undanfarin ár sá Guðni Georgsson um þessa vinnu fyrir Flugstöðir, sem þó var minni en undanfarin ár.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur frá upphafi séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsári gekk salan með hefðbundnum hætti. Kunnum við Eiríki bestu þakkir fyrir.

Síðastliðið vor var í húsinu rekinn markaður með notaðar vörur og gekk þetta verkefni ágætlega. Var þetta unnið í samstarfi við atvinnuþróunarsjóð Suðurlands. Tekjur af sölnunni rennur að hluta í hússjóðinn og restin í sjóð tileinkaður æskulýðsstarfssemi tengt félaginu.

Bílamál.

Lundi 1 (Econoline).

Hefur verið með hefðbundnum hætti. Ekki hafa orðið neinar meiri háttar bílanir. En bætt var við geymslurými með því að setja geymslukassa á toppgrind bílsins.

Lundi 2 (Hilux).

Rekstur bílsins hefur gengið þökkalega þrátt fyrir ýmsa hnökra í upphafi sem búið er að koma í veg fyrir.

Í júlímánuði óskaði SL eftir því að fá bílinn lánaðan til Englands á Alheimsmót skáta, þar sem samtökin voru að kynna sína starfssemi. Var þeirri bón vel tekið og var bílinn í þessu verkefni í u.þ.b. 4 vikur.



Lundi 3 (Hiace)

Rekstur bílsins hefur gengið mjög vel og engar bilanir komið upp. Teljum við að ákvörðunin um að kaupa minnprófs fólksflutningabíl hafi verið rétt því að meirihluti virkra félagsmanna í dag hefur ekki meiraprófsréttindi.

Lundi 4 (Hiace).

Rekstur bílsins var með hefðbundnum hætti en þetta er svokallaður snattbíll félagsins. Á þjóðhátíðinni gerðist það að bílnum var tekin ófrjálsri hendi og unnar nokkrar skemmdir á honum.

Lundi 5 (Yale)

Ákveðið var að fjárfesta í lyftara í sjóbúðina sem nýtist í ýmsa vinnu s.s. flugeldasýningar og almennan frágang.

Umengingun um bílana hefur ekki verið mjög góð og hvetjum við félagi að bæta úr því. Fyrir liggur að notkun bílanna verði sett í fastari farveg og verður einn tengiliður sem stjórnar notkun bílanna.

Sjóbúðin.

Engar stórar framkvæmdir áttu sér stað á nýliðnu starfsári en fyrir liggur að útbúa verði skápa fyrir persónulegan búnað sjóhóps.

Umengingun um sjóbúðina hefur ekki verið okkur til framdráttar og er það eitthvað sem við þurfum að laga.

Göngurall.

Göngurallið var haldið 7. október. Þátttakan var ágæt en 13 tóku þátt, 12 á stóru leiðinni en 1 á þeirri styttri. Í fyrsta sæti á leið 1 var Auðunn Herjólfsson og á leið 2 var það gjaldkeri vor, Sigurður Þórir Jónsson sem sigraði með yfirburðum. Að þessu sinni treysti engin kvenmaður sér til að taka þátt og er það miður.

Flugeldamál.

Eins og vanalega vorum við með einn sölustað. Uppsetning hans var með hefðbundnum hætti en þó liggur fyrir að endurnýja þurfi söluborðin sem eru komin til ára sinna. Mæting var mjög góð og vorum við búin að gera klárt fyrir sölu vel fyrir jól. Vinnan milli jóla og nýárs var þar með mun léttari og getum við þess vegna einbeitt okkur betur að sjálfri sölunni.

Frágangur eftir flugeldasöluna gekk mjög vel og kemur það til að við eigum öflugan nýliðahóp sem hefur staðið sig vel í þessari fjáröflun.

Birgðahald er unnið eftir reglugerð um að sala og birgðahald verði í aðskildum rýmum og teljum við að þetta sé fullnægjandi hjá okkur. En þó liggur fyrir að lageraðstaðan okkar er orðin alltof lítil og verðum við að fara að huga að stækkun sem fyrst.

Félagið sá um flugeldasýninguna á Þjóðhátíðinni eins og undanfarinn ár og tókst það verkefni vel.

Einnig sá félagið um flugeldasýningu fyrir Vestmannaeyjabæ í tengslum við þakkagjörðarhátíðar.

Að venju var félagið með sýningu á gamlársgangi í boði Vestmannaeyjabæjar.

Námskeið og æfingar.

Einn félagsmaður tók leiðbeinandanámskeið í fyrstu hjálpi sem haldið var í Reykjavík og munum við nýta okkur menntun hans í starfi félagsins.

Í tengslum við nýliðaðþjálfun voru farnar nokkrar námskeiðsferðir upp á land. Þetta voru námskeiðin Fyrsta hjálpi 2 og ferðmennska og rötun. Hérna í Eyjum var námskeiðið leitartækni haldin í haust.

Ætlum við að setja aukinn metnað í þennan málaflokk og hvetjum við félagsmenn til að sækja sér þau fjölbreyttu námskeið sem í boði eru hjá Björgunarskólanum.

Tekið var upp á þeirri nýbreytni eftir áramót að hafa félagsæfingar á miðvikudagskvöldum. Hefur þetta reynst vel og sýnt fram á að full þörf er á svona æfingum en þátttakan mætti þó vera meiri. Á æfingunum er farið yfir öll svið starfsseminnar, s.s. fyrsta hjálpi, fjallabjörgun, fluglínutæki og sjóbjörgun.

Faxastígur 38.

Nú liggur fyrir að húsnæðið þurfi mikið viðhald utanhúss, þar með talið þak, klæðning og gluggar. Þessi mál hafa verið rædd við meðeigendur okkar á Faxastígnum og eru ólík sjónarmið meðal fólks.

Leitað hefur verið tilboða í lagningu á gólfefni í kjallara hússins en hefur það ekki borið árangur vegna anna iðnaðarmanna í Eyjum.

Bílskúrin fékk allsherjar yfirhalningu í febrúar. Milliloft og geymsla voru fjarlægð ásamt því dóti sem safnast hafði upp í gegnum árin. Bílskúrin var allur málaður og settir voru upp læstir verkfæraskápar.

Vegna krafna leigukaupa var farið í þessar framkvæmdir og í framhaldi var ákveðið að banna alla einkanotkun á bílskúrnum þar sem umgengnin var mjög slæm.

Árshátíð.

Árshátíð var haldin hjá félaginu 24. nóv. í Pippkrónni. Þema kvöldsins var hermennska. Skemmtu félagar sér konunglega með heimatilbúin skemmtiatriði og boðið var upp á glæsilegt hlaðborð.

Fundir

Haldnir voru tveir félagsfundir og fjórtán stjórnarfundir á liðnu starfsári.

Í maí fóru 5 félagsmenn á landsþing og árshátíð SL sem haldið var í Keflavík. Var þetta velheppnað og átakalítið þing og árshátíðin tókst með eindæmum vel undir styrki stjórn veislustjórans, Gísla Einarssonar.



Spröngukennsla

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Arnór og Guðjón sáu um spröngukennsluna að þessu sinni. Þarna lærir ungir Eyjamenn þjóðaríþróttirnar sprang og sig

Bátamál.

Nýir stólar frá Þýskalandi voru keyptir í Þór og reynast þeir mjög vel. Skipt var um pústgreinar á báðum vélum sem og rafgeyma og hleðslutæki.

Uppsetning á siglingatækjum var breytt sem og lagað var tréverk í brú.

Fyrir liggur að taka verði bátinn upp á næstu dögum þar sem kominn er tími á botnmálningu og sink sem og yfirferð á rafmagni. Einnig þarf að skipta um rúðupurrkur.

Tuðrumál hafa verið talsvert til umræðu og hafa verið skiptar skoðanir á þessum málum. Ekki liggur ennþá niðurstaða um hvað verði gert en engu að síður eru menn sammála um að eitthvað verði gert í þessum málum fljótlega. Eitt er þó víst að kostnaður við þetta verður töluverður.

Búnaðarmál

Fjárfest var í 9 tetra stöðvum á síðasta ári og koma þær sem viðbót við þegar gott vhf kerfi.

Keyptar voru 2 bílkerrur til að auðvelda flutning á búnaði félagsins og gert ráð fyrir að önnur þeirra verði staðsett á Bakka.

Einnig voru keypt verkfæri fyrir rústabjörgun sem og handverkfæri fyrir bílana.

Skrifstofubúnaður var endurnýjaður, s.s. tölva, stólar og þ.h. búnaður.

Nýliðastarf veturinn 2007-2008

Starfið hófst í endaðan ágúst og komu inn 2 strákar í Nýliða 1 og voru 6 strákar í Nýliðum 2. Ákveðið var snemma að hafa sameiginleg kvöld fyrir nýliða á þriðjudagskvöldum og að nýliðar 2 myndu aðstoða við unglिंगadeild á mánudagskvöldum.

Mætingin hefur verið mjög góð og höfum við gert margt í vetur svo sem haldið áfram með reglulegar æfingar 1-2 í mánuði sem nýliðarnir skipulögðu sjálfir í samráðum við umsjónamenn og var meðal annars æfð, sjóbjörgun, fjallabjörgun, leitartækni og fyrsta hjálp. Hafa þessar æfingar heppnast vel og verið mjög reynsluríkar.

Einnig var farið á nokkur námskeið í vetur bæði hér heima og upp á landi og hafa þessi námskeið yfirleitt heppnast vel. Dæmi um námskeið sem við fórum á voru t.d fyrsta hjálp 2, leitartækni og ferðamennska & rötun.

Nýliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir í vetur og hafa veitt hjálp í öðrum þáttum innan félagsins eins og með Unglingadeildina en þeir hafa verið mjög áhugasamir um að mæta og kenna þeim sem eru yngri og óreyndari. Ásamt því að vera í flugeldasölu og öllum undirbúningi sem því fylgir og öðrum verkefnum.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægð með þá og hafa þeir staðið sig með prýði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Hildur Björk Bjarkadóttir
Arnór Arnórsson



Unglingadeildarstarf veturinn 2007-2008

Ákveðið var að stofna unglíngadeild og var byrjað starfið um leið og skólinn byrjaði í endaðan ágúst. Viðtökurnar voru frábærar og komu 76 krakkar á kynningakvöldið okkar en það voru krakkar í 8.9. og 10. bekk. Í dag standa eftir 22 krakkar og teljum við það mjög gott.

Það sem að við höfum verið að gera í vetur er að kynna fyrir krökkunum grunnbjörgunarstörf ásamt því að vera í ýmsu leikjum. Við höfum t.d kennt þeim að gera hnúta, setja fólk á börur, síga, haft kynningu á þríhyrningakerfinu, fara í klifurvegginn, út á Þór og hoppað í sjóinn. Við fórum í smá inni útilegu í skátastykkinu í nóvember og tókst það mjög vel. Þar fórum við með þau í ýmsa leiki og héldum svo stóra næturæfingu í fyrstu hjálp en hún gekk mjög vel og lærðu krakkarnir margt á þessari æfingu.

Við erum í samstarfi við unglíngadeildina Klett Suðurnesjum og fórum við í heimsókn til þeirra og tókst sú heimsókn með eindæmum vel. Krakkarnir kynntust þar hvað aðrar sveitir eru að gera ásamt því að kynna öðrum krökkum með sömu áhugamál og þau. Það sem að gert var í ferðinni var t.d farið í gönguferð, skoðað brúnna þar sem Ameríku og Evrópu flekarnir skarast, farið í reykjöfun, sund og svo var farið í næturleik. Heppnaðist þessi ferð rosalega vel og er stefnan á að fá þau í heimsókn til okkar núna í maí og ef til vill að fara með þeim í ferð á Gufuskála.

Stefnt er að því að senda 4-5 krakka í útivistaskólann á Gufuskálum í sumar og eru þau þegar orðin mjög spennit fyrir því að fara.

Krakkarnir hafa verið mjög áhugasamir, duglegir og hafa verið að sýna mjög góða mætingu í vetur. Vonum við að þeim hafi fundist veturinn hafa verið eins skemmtilegur og okkur og hlökkum við til að starfa meira með þeim á komandi árum innan félagsins.

Hildur Björk Bjarkadóttir
Arnór Arnórsson
Guðjón Örn Sigtryggsson



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS FYRIR ÁRIÐ 2007.

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerinn er að finna í eyjasímaskránni undir Minningarkort Björgunarfélags og í stóru undir Björgunarfélag Vestmannaeyja.

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir
Guðný Óskarsdóttir

Þann 17. mars 2008 varð minningarsjóðurinn 30 ára.



Útköll og verkefni.

11. maí

Aðstoð við að ná slösuðum manni úr lestinni á Kap VE.

5. júlí

Útkall rauður. Bíll ofan í Ljótapolli. Félagsmenn BV staddir í skálanum Hólaskjólí í hálendisverkefni SL. Farið í Landmannalaugar og hlúð að hinum slösuðu.

13. júlí

Útkall gulur. Maður í sjálfheldu við Fiskhella. Lögregla leysti málin.

31. júlí

Útkall grænn. Fellihýsi að fjúka við Þórsheimili. Fólk aðstoðað við að ganga frá fellihýsum og tjöldum.

1. nóvember

Útkall grænn. Þak að fjúka af húsi á Bröttugötu 2.

29. nóvember

Útkall grænn. Óveðursaðstoð

29. nóvember

Útkall grænn. Óveðursaðstoð

30. desember

Útkall gulur. Óveðursaðstoð

15. janúar

Útkall grænn. Aðstoð vegna ófærðar.

22. janúar

Útkall grænn. Óveðursaðstoð

22. janúar

Útkall grænn. Óveðursaðstoð

22. janúar.

Útkall gulur. Þak að fjúka af netagerðinni Ísnet.

8. febrúar.

Útkall grænn. Óveðursaðstoð

8. febrúar

Útkall gulur. Þak að fjúka á Heiðarvegi.

8. febrúar

Útkall gulur. Klæðning og þök að fjúka á nokkrum stöðum.

9. febrúar.

Útkall grænn. Þakplötur að fjúka á Illugagötu.

28. febrúar
Beiðni um aðstoð vegna ófærðar.

Úr skipsbók björgunarskipsins ÞÓRS.

29. mars
Farið í prufutúr.

2. apríl
Farið í æfingaferð að nokkrum eyjum.

3. apríl
Æfing vestan við Eyjar.

10. apríl
Æfing með Lubbunni. Sjúklingur fluttur á milli báta og Lubban svo dregin í land.

28. apríl
Landsæfing í Vestmannaeyjum. Báturinn notaður í ýmis verkefni allan daginn.
Samtals eru um 45 færslur í skipsdagbókinni.

30. apríl
Æfingaferð í Klettsvíkinni.

2. maí
Æfing í Klettsvík og við Bjarnarey.

4. maí
Farið út í Faxasker og athugað hvað þarf að endurnýja í neyðarskýlinu (fyrir Eykyndilskonur). Síðan var farið út að Þrídröngum og loks að Hrauney þar sem 2 menn fóru í land.

6. maí
Æfingaferð á ytri höfninni.

12. maí
Æfingaferð. Nýr maður að æfa sig að sigla bátnum.

13. maí
Siglt að Suðurey, Brandi og upp í Bakkafjöru.

19. maí
Útkall rauður. Kona í sjónum austur í Reynisfjöru. Útkallið var svo afboðað skömmu síðar þar sem konan var fundin. Vélavana tuðra dregin í land í leiðinni.

21. maí
Æfingaferð. Farið vestur fyrir Eyjar og upp í Bakkafjöru.

22. maí

Prufutúr eftir rafgeymaskipti og útleiðslumælingar.

28. maí

Farið út að Súlnaskeri þar sem nokkrir félagar fóru upp og sigu svo niður í bátinn. Á heimleið kom beiðni um að draga vélavana tuðru í land sem var stödd vestur af Stafnsnesi. Gekk drátturinn vel.

2. júní

Vinna við Sjómannadag.

3. júní

Æfingaferð. Farið vestur að Stafnsnesi og til baka.

6. júní

Æfingaferð í klettsvíkinni.

12. júní

Áttavitinn stilltur.

15. júní

Æfingaferð í Klettsvíkinni og á ytri höfninni.

17. júní

Æfingaferð norðan við Eyjar í leiðindaveðri.

18. júní

Farið vestur í Stafnsnes og upp í Bakkafjöru.

19. júní

Farið hringinn í kringum Eyjuna og gerðar dýptarmælingar á Rófuboða austan við Elliðaey.

19. júní

Farið út að Elliðaey þar sem nokkrir félagar æfðu sig ofan í bátinn.

29. júní

Prufusigling eftir að skipt var um pústgrein. Einnig var farið með “veiðimenn” út í Brand.

5. júlí

Farið suður fyrir Brand og á miðin norðan við Elliðaey.

7. júlí

Útkall gulur. Eydís vélavana austur af urðavita. Dreginn í land af Þór.

7. júlí

Farið með Eyverja út í Elliðaey og hópurinn svo sóttur seinna um kvöldið.

8. júlí

Farið með Hafnsögumann út í skip um miðnætti og hann svo sóttur seinna um nóttina.

8. júlí

Farið í útsýnisferð.

10. júlí

Farið út í Surtsey og náð í hóp. Gekk mjög vel.

13. júlí

Farið með Eykyndilskonur út í Faxasker þar sem skipt var um flest allan búnað.

16. júlí

Farið með félagsmenn út í Brand.

17. júlí

Félagsmenn sóttir út í Brand.

21. júlí

Farið með sportkafara að kafa. Samtals tvær ferðir.

24. júlí

Farið með Ítala í prufuferð

26. júlí

Rautt útkall. Báturinn Norðurljós með leka á milli Brands og Álseyjar. Binni í Gröf tók hann í tog og fylgdi Þór þeim til hafnar.

26. júlí

Mælingaferð fyrir norðan Heimaey með Ítali.

27. júlí

Mælingaferð í vesturhluta Bakkafjöru. Mælt fyrir fyrirhuguðum ljósleiðara. Þrír Ítalir um borð og fullur bátur af útbúnaði.

28. júlí

Mælingaferð í vesturhluta Bakkafjöru.

29. júlí

Mælingaferð í vesturhluta Bakkafjöru.

6. ágúst

Æfingaferð austur fyrir Eyjar.

11. ágúst

Ferð út í Elliðaey.

12. ágúst

Farið út að Surtsey.

12. ágúst

Menn sóttir út í Brand.

15. ágúst

Farið með menn út í Elliðaey og menn sóttir út í Brand.

15. ágúst

Farið með menn út í Elliðaey.

16. ágúst

Fólk sótt út í Elliðaey.

3. september

Farið í prufutúr og svo um kvöldið var farnar samtals fjórar ferðir út í Klettsvík vegna kynningar á unglिंगastarfi félagsins.

4. september

Farið í kynningarferð með nýliða út í Klettsvík.

9. september

Æfingaferð í höfninni.

17. september.

Báturinn notaður við að koma hvölum út úr höfninni.

18. september

Farið með fuglafræðinga út í Elliðaey.

19. september

Fuglafræðingar sóttir út í Elliðaey.

21. september

Æfingaferð í Klettsvíkinni.

8. október

Farið með unglिंगadeildina út í Klettsvík.

11. október

Útkall rauður. Vélavana bátur 12 NM austur af Þorlákshöfn. Snúið við eftir rúmlega klukkustundar siglingu en þá var búið að taka skipið í tog. Þoka var og þungur sjór. Nýju tækin í bátinum komu að mjög góðum notum.

15. október

Farið með unglिंगa út í Klettsvík og þeim leyft að hoppa í sjóinn.

16. október.

Farið með tvo menn út í Elliðaey og þeir svo sóttir seinna um daginn.

22. október

Farið með unglिंगahóp og þeim leyft að hoppa í sjóinn í höfninni.

13. nóvember

Beiðni um aðstoð. Köfunarskipið Addi á Gjábakka fékk í skráfuna út í Klettsvík.
Farið með kafara út í skipið.

14. nóvember

Farið með nýliða og þeim leyft að hoppa í sjóinn í Klettsvíkinni.

8. desember

Farið með hrúta út í Elliðaey, Álsey og Brand. Bíðum við svo spennu eftir því að fá lambakjöt upp í kostnað.

12. janúar

Mælingaferð í Bakkafjöru.

25. febrúar

Æfingaferð út í klettsvík með unglingsdeild.

